

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 171/1968 fyrir Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.****1. gr.**

Á eftir 2. málsg. 8. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Heimilt er Félagsstofnun stúdenta að útvega samtökum nemenda á menntaskólastigi námsbækur, sé þess óskað.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt tillögu stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, að fenginni umsögn háskólaráðs og Stúdentaráðs Háskóla Íslands, sbr. 6. gr. laga nr. 33/1968, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. september 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 268.

21. september 1972.

REGLUGERÐ**um holræsi í Eskifjarðarhreppi.****1. gr.**

Þegar Eskifjarðarhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga húseignir að eða í námunda við og til holræsa geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað holræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, ef unnt er, leiða í ræsið eða í sérstakt holræsi fyrir ofanjarðarvatn, ef gert er, samkvæmt fyrirmælum verkstjóra. Vanræki einhver að láta gera nýtt holræsi eða endurnýja eldra, innan hæfilegs frests, sem sveitarstjóri ákveður, getur hreppurinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Eskifjarðarhreppur lætur leggja holræsaastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. janúar 1973. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimlagin eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal um holræsaastúta fara eftir nánari skilmálum um lóðaúthlutun.

3. gr.

Sveitarstjóri, verkstjóri og byggingarfulltrúi, undir yfirstjórn sveitarstjórnar, fara með stjórn framkvæmda, er holræsaakerfi kaupsins varða. Heimilt er sveitarstjórn að fela sérstökum umsjónarmanni yfirstjórn holræsaakerfisins. Áður en húseigandi byrjar að leggja holræsi sitt skal fá samþykki umsjónarmanns þar til. Skal húseigandi leggja fram teikningar af frárensliskerfi sínu, ef krafizt verður. Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns á öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi starfsmenn hreppsins ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Bannað er að láta renna í holræsakerfið sýrur, olíur eða önnur efni, sem valdið geta skemmdum á holræsakerfinu eða varanlegri mengun.

6. gr.

Kostnaður við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði, en til að standast þann kostnað, er húseigendum, sem hús eiga við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, skylt að greiða árlegt holræsagjald, sem nemur 0.10% af hinu opinbera fasteignamati húss eins og það er reiknað á hverjum tíma. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Gjald þetta getur sveitarstjórnin hækkað um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart sveitarsjóði. Kröfur, sem sveitarsjóður kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lög taki á kostnað gjaldenda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga, með fasteignamatsveði fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði. Gjald daga holræsagjalda er 2. janúar ár hvert.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. september 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Eskifjarðarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps fer með stjórn vatnsveitunnar, sem er eign Eskifjarðarhrepps. Hún hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt einnig til hafnarinnar. Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Eskifjarðarhrepps, með sérstöku reikningshaldi.